

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þennan verðbréfasjóð. Skjalið er ekki markaðsefni. Okkur er lögum samkvæmt að gefa upplýsingarnar til þess að aðstoða þig við að skilja eðli sjóðsins og áhættuna sem fylgir því að fjárfesta í honum. Þér er ráðlagt að lesa þær svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú ræðst í fjárfestingu í sjóðnum.

Pareto Global

ISIN: NO0010342892, hlutdeildarflokkur: D

Sjóðurinn er í umsjá eignaumsýslusjóðsins Pareto Asset Management AS (fyrirtækisnúmer: 977 287 677), fyrirtækis í Paretosamsteypunni.

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið

Markmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda hlutdeildarskírteina sem mest miðað við áhættuna sem sjóðurinn tekur.

Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn fjárfestir í hlutabréfum og hefur heimild til þess að fjárfesta hvar sem er í heiminum. Við val á fjárfestingakostum er lögð áhersla á traust reikningsuppgjör, góðan arð af eigið fé í sögulegu samhengi og sanngjarnt verð. Eignasafnið einkennist af mikilli fjölbreytni þvert á starfsemi, landfræðilega legu og stærð fyrirtækja. Sjóðnum er stýrt með virkum hætti. Í því felst að ákvarðanir um fjárfestingar eru teknar í samræmi við sérstaka eigin greiningu. Hugmyndafræði fjárfestinganna snýst um að fjárfesta til langs tíma lítið með lítilli áherslu á tilfærslur. Við fylgjumst með traustum og vel reknum fyrirtækjum með þróunarmöguleika til lengri tíma lítið og fjárfestum að jafnaði í 20-30 þeirra.

Viðmiðunarvísitala

Viðmiðunarvísitala sjóðsins er „MSCI Daily Total Return Net World USD Index“, mæld í norskum krónum, en hún er heimsvísitala þar sem tekið er tillit til arðs. Sjóðurinn reynir ekki að líkja eftir vísitölu og hefur frjálsar hendur um það í hvaða verðbréfum er fjárfest.

Arður

Fjárfest er að nýju fyrir þær arðgreiðslur sem sjóðnum berast og þær eru því hluti af hlutdeildarverðmætinu.

Ábending


Sjóður þessi hentar síður fjárfestum sem áforma að leysa út fjárfestingar sínar innan 5 ára.

Viðskipti

Hægt er að kaupa og selja hluti alla norska bankadaga, að undanteknum 31.12 og öðrum dögum þar sem staðbundnir markaðir gætu verið lokaðir.

Lágmargsupphæð við fyrstu kaup hluta er 50 000 000 NOK.

Áhætta og ávöxtun



Áhættukvarðinn var reiknaður út með aðstoð gagnahermilíkans og er ekki endilega áreiðanleg vísibending um áhættuflokkun sjóðsins til framtíðar lítið. Staðsetning sjóðsins á áhættukvarðanum er ekki óbreytanleg heldur getur tekið breytingum með tímanum. Lægsta áhættuflokkun merkir ekki að fjárfestingin sé áhættulaus.

Pareto Global áhættukvarðans þrepi 6.

Sjóðurinn er hlutabréfasjóður. Að jafnaði einkennist fjárfesting í hlutabréfum af fremur mikilli hættu á verðsveiflum (flökti). Nettó hlutdeildarverðmæti sjóðsins er reiknað út í norskum krónum en sjóðurinn getur þó keypt eignir í öðrum gjaldmiðlum. Gjalddeyrissveiflur geta því haft áhrif á verðmæti fjárfestinga sjóðsins. Eignasafn sjóðsins er bundið við ákveðna þætti atvinnulífsins og því getur verið meiri hættu á breytilegum arði en í sjóði með fjölbreyttara eignasafn.

Í áhættukvarðanum hefur ekki endilega verið tekið fullnægjandi tillit til óvenjulegra markaðsaðstæðna eða umfangsmikilla ófyrirséðra atvika.

Hér að neðan er að finna lýsingu í stuttu máli á umtalsveðum áhættuþáttum sem ekki er tekið fullnægjandi tillit til í uppsetta áhættukvarðanum.

Lausafjárahætta - Skortur á lausafé í verðbréfi getur gert að verkum að erfitt reynist að verðmeta eða selja eignir á ákveðnum tímapunkti.

Rekstraráhætta - Hætta er á ófullnægjandi starfshefðum eða kerfum, mannlegum mistökum eða að sjóðurinn sé ekki starfræktur miðað við fjárfestingastefnu sína og áhættuflokkun. Pareto Asset Management hefur komið sér upp innri starfshefðum til þess að draga úr líkum á rekstrarlegum mistökum.

Gjöld

Gjöldin sem greidd eru fara í að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingarinnar.

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu

Gjald við kaup hárm. 1,00%

Gjald við sölu hárm. 0,50%

Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin frá áður en fjárfest er og áður en söluupphæðin er greidd út.

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli

Viðvarandi gjöld 0,75 %

Gjöld sem eru koma til við tilteknar aðstæður

Árangurstengd þóknun: engin

Gjöld þau við kaup eða sölu sem tilgreind eru í töflunni, eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin frá. Aflaðu þér ýtarlegri upplýsinga hjá fjármálaráðgjafa þínum eða miðlara. Við sérstakar aðstæður er hægt að hækka gjöld fyrir kaup til þess að vernda eigendur hlutdeildarskrifteina. Gerist það, rennur aukagjaldið til sjóðsins.

Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum fyrra árs fyrir árið 2021. Fjárhæðin kann að vera breytileg frá ári til árs.


Öll þau gjöld sem umsjónarfélagið getur dregið frá sjóðnum eru innifalin í viðvarandi gjöldum nema:

Viðskiptakostnaður vegna eignasafns

Sérstök ófyrirséð gjöld

Frekari upplýsingar um gjöld sjóðsins er að finna í 2. lið útboðslýsingar sem nálgast má á www.paretoam.com.

Fyrri árangur sjóðsins



Hlutdeildarflokkurinn var stofnaður árið 11/22/2006. Sjóðurinn var stofnaður árið 2005. Taflan sýnir árlega arðsemi sjóðsins í NOK fyrir hvert heilt almanaksár.

Arður er tilgreindur að frádregnum öllum kostnaði sem fallið hefur á sjóðinn nema gjöldum vegna kaups og sölu. Ávöxtun í fortíð er ekki ávisun á framtíðarárangur. Arður af sjóðnum verður m.a. háður markaðsþróun, færni sjóðstjóra hans, áhættu sjóðsins og útgjalda vegna kaupa, umsjónar og sölu. Arður sjóðsins getur orðið neikvæður vegna lækkandi gengis hans.

Arður fram að 10.7.2015 náðist hjá Pareto Global I. Sjóðurinn heldur áfram starfsemi sinni sem hlutdeildarflokkur D í Pareto Global eftir samruna.

Hagnýtar upplýsingar

- Vörslufyrirtæki sjóðsins er er DNB Bank ASA.
- Frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í útboðslýsingu og nýjstu hálfis árs og ársskýrslum hans. Skjöl þessi er hægt að nálgast sér að kostnaðarlausu og eru þau í boði á bæði norsku og ensku. Skjölín liggja fyrir ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum á www.paretoam.com. Upplýsingar um aðra hlutdeildarflokka sjóðsins má finna í útboðslýsingu hans.
- Upplýsingar um hlutdeildarverðmæti er hægt að nálgast hjá Kauphöllinni í Ósló (Oslo Børs) á www.oslobors.no.
- Norsk skattalöggjöf getur haft áhrif á skattalega stöðu þína. Skattskylda þín við fjárfestingu í sjóðnum getur einnig verið háð til dæmis búsetulandi, hvar þú greiðir skatta þína og almennri stöðu skattamála.
- Afrit af ýtarlegri og uppfærðri stefnu Pareto Asset Management AS um greiðslu þóknana má nálgast sér að kostnaðarlausu á skráðri skrifstofu fyrirtækisins og á netsíðunni www.paretoam.com/en/client-information.
- Pareto Asset Management AS ber eingöngu ábyrgð á upplýsingum í lykilupplýsingum sem eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta útboðslýsingar sjóðsins.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu í Noregi og heyrir undir eftirlit norska fjármálaeftirlitsins (Finanstilsynet). Pareto Asset Management AS hefur starfsleyfi í Noregi og heyrir undir eftirlit norska fjármálaeftirlitsins (Finanstilsynet).
Hagnýtar upplýsingar 3.10.2022.